

Nd.

737. Nefndarálit

[231. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frv., þessu er gert ráð fyrir nýjum álögum í c-lið 1. gr. um 1% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru. Þetta nýja gjald á að gefa á ársgrundvelli um 160—170 millj. kr.

Þar sem þetta gjald verður dregið frá, áður en verð til skipta til áhafnar er ákveðið, er augljóst, að það kemur niður á sjávaraflanum í heild að bera gjaldið í viðbót við aðrar álögur, sem nýlega hafa verið lagðar á, m.a. í hafnalögum. Þótt reiknað sé í d-lið frv. með jafnháu framlagi úr ríkissjóði, þá kemur það undarlega fyrir, þegar fjmrh. hefur boðað niðurskurð um 15% á gildandi fjárlögum.

Augljóst er, að vandamál Fiskveiðasjóðs eru engan veginn leyst með þessu atriði, þar sem fjármagnspörf sjóðsins er nú þegar yfir 1300 millj. krónur umfram eigið ráðstöfunarfé og þess vegna útilokað annað en að leysa fjármögnun sjóðsins með sérstakri lántöku.

Fiskveiðasjóður fær samkv. gildandi lögum í gegnum útflutningsgjaldakerfið um 50—60 millj. á ársgrundvelli frá útgerðinni.

Á fund nefndarinnar komu Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambands Íslands, og Kristján Ragnarsson, form. L.Í.Ú., og gerðu grein fyrir afstöðu samtaka sinna til þessa nýja gjalds. Þeir lögðust eindregið á móti nýjum álögum, sem kæmu fram í lækkuðu fiskverði til handa sjómönnum og útgerð, en að óbreyttu erlendu verði þýðir skattur þessi 2—3% lækkun fiskverðs við næstu verðákvörðun.

Í málefnaþingum ríkisstjórnarinnar var því lofað að lækka vexti á stofnlánum bátanna og lengingu lána. Vextirnir voru lækkaðir úr 6½% í 5½% og lánstími lengdur úr 15 árum í 20 ár. Þessi breyting jók að sjálfsögðu fjármagnspörf sjóðsins að verulegu leyti.

Nú hefur Fiskeveiðasjóður tekið 125 millj. króna lán með útlánskjörum, bundin við vísitölu byggingarkostnaðar, og endurlánar fjármagnið með þessum sérstaka hætti. Undirritaðir vilja vekja sérstaka athygli á þeirri stefnubreytingu, sem nú hefur átt sér stað um fjármögnun Fiskveiðasjóðs, þar sem sjóðurinn nú á tímum þöðaverðbólgu er fjármagnaður með lánsfé, sem bundið er vísitölu byggingarkostnaðar, en benda má á, að byggingarvísitalan hefur hækkað, frá því að núverandi ríkisstjórn tók við, úr 535 stigum í 708 stig. Þetta stingur mjög í stúf við fyrri fyrirheit um hagkvæmari lánskjör fyrir útveginn. Útvegsmenn hafa um langan aldur samþykkt nokkra kvöð á sig í fjármögnun Fiskveiðasjóðs í gegnum útflutningsgjaldakerfið, en eðlilega eru þröng takmörk fyrir auknar álögur í þessu skyni. Þessi takmörk eru enn þröngri en áður vegna minnkandi fiskmagns en aukins tilkostnaðar. Því verður að selja hverja einingu dýrara en áður.

Undirrituðum er ljóst vandamál Fiskveiðasjóðs, en telja, að málið þurfi meiri undirbúning, þar sem m. a. hefur komið í ljós, að ekki hefur verið haft samráð við samtök útvegs- eða sjómanna um málið. Enda eru fleiri atriði í lögum þessum, sem endurskoðunar þurfa með, svo sem um skipun stjórnar sjóðsins á þann veg, að þeir, sem beint eða óbeint leggja honum til fjármagn, eigi þar aðild að. Er það í samræmi við þær brtt., sem nú eru gerðar á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Við leggjum því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að vinna að lausn þess í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Pétur Sigurðsson, Guðl. Gíslason.
frsm.